



---

# Úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaga Reykjavíkur

---



Unnið af mannréttindaskrifstofu  
Reykjavíkur fyrir ÍTR  
júní 2011



Anna Kristinsdóttir  
Guðrún Birna Jóhannsdóttir  
Halldóra Gunnarsdóttir



Reykjavíkurborg

---

## Inngangur

Á fundi ÍTR þann 29. september 2010 var samþykkt tillaga Besta flokksins og Samfylkingarinnar um að gerð yrði úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaganna í Reykjavík. Í tillögunni var óskað eftir að mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar ynni úttektina.

Þann 20. október 2010 sendi mannréttindaskrifstofan öllum íþróttafélögum sem skráð eru hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), alls 43 talsins, bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um;

- Hvort jafnréttisstefna hefði verið innleidd hjá félaginu?
- Hver væru kynjahlutföll í stjórn, og ef við ætti, undirstjórnnum félagsins?
- Hversu margir félagar/iðkendar æfðu hjá félaginu?
- Hver kynjaskipting iðkenda væri?
- Hver væru laun þjálfara stúlkna og drengja?
- Fá þjálfarar stúlkna og drengja einhver hlunnindi ?
- Á hvaða aldri þjálfarar stúlkna og drengja væru?
- Hver væri reynsla þjálfara stúlkna og drengja?

Þótt fyrirspurn hefði verið send öllum 43 félögum innan ÍBR var ákveðið vegna mikils umfangs verkefnisins að beina sjónum að hverfisfélögum í Reykjavík. Enn fremur var ákveðið að aðeins yrði horft til vinsælustu íþróttagreina sem æfðar væru; knattspyrnu, handknattleiks og körfuknattleiks. Ákveðið var að beina úttektinni að tveim flokkum, 4. og 7. flokki í knattspyrnu og handknattleik og 7. og 10. flokki í körfuknattleik. Í 7. flokki eru drengir og stúlkur með aðskylda æfingartíma en slíkt á ekki alltaf við í yngri flokkum. Ákveðið var að taka 7. og 10. flokk í körfuknattleik þar sem um svipað aldursbil er að ræða og í 4. og 7. flokki í knattspyrnu og handknattleik.

Úttektin var unnin af Guðrúnu Birnu Jóhannsdóttur, mannréttindaskrifstofu, Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra, og Halldóru Gunnarsdóttur, mannréttindaskrifstofu í náinni samvinnu við ÍBR og ÍSÍ (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) varðandi öflun og úrvinnslu gagna.

## Þjálfun iðkenda

Óskað var eftir upplýsingum frá íþróttafélögum um hver væru laun þjálfara stúlkna annars vegar og drengja hins vegar, hvaða hlunninda þeir nytu, á hvaða aldri þeir væru og hvaða reynslu þeir byggju yfir. Af Knattspyrnufélögum Leikni, Fylki og Þrótti undanskildum fengust ekki skýr svör við spurningum um laun og hlunnindi þjálfara.

Í svörum kom í ljós að menntun og reynsla þjálfara er afar mismunandi, jafnvel innan sömu íþróttagreinar, þannig að það reyndist of flókið að gera samanburð á þeim þáttum.

## Íþróttafélögin í Reykjavík og fjöldi iðkenda

Í úttektinni voru skoðuð öll íþróttafélögin, tíu talsins, sem tengjast hverfum borgarinnar. Öll félögin hljóta árlegan styrk frá ÍBR og hafa þjálfara knattspyrnu, handknattleik og / eða körfuknattleik. Hverfisfélögin eru eftirfarandi:

1. Glímufélagið Ármann
2. Ungmennafélagið Fjölnir
3. Knattspyrnufélagið Fram
4. Íþróttafélagið Fylkir
5. Íþróttafélag Reykjavíkur
6. Knattspyrnufélag Reykjavíkur
7. Íþróttafélagið Leiknir
8. Knattspyrnufélagið Valur
9. Knattspyrnufélagið Víkingur
10. Knattspyrnufélagið Þróttur

## Reglugerðir um flokkakerfi KSÍ, HSÍ og KKÍ

Það gilda mismunandi reglur um það á hvaða aldri iðkendur eru í hverjum flokki eftir því hvaða íþróttagrein er um að ræða.

Í 2 gr. reglugerðar Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) um knattspyrnumót má sjá að í 4. aldursflokki eru þeir leikmenn sem frá og með því almanaksári sem mót fer fram, ná 13 ára aldri og með því almanaksári er þeir verða 14 ára. Í 7. flokki eru þeir leikmenn sem frá og með því almanaksári sem mót fer fram eru yngri en 9 ára og til og með því almanaksári er þeir verða 9 ára.<sup>1</sup>

Í 2. gr. reglugerðar Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) kemur fram að keppendur í handknattleik skuli skipt í aldurflokk á ákveðinn hátt og miðast aldursskipting við almanakasár, 01.01. til 31.12. Þannig að keppendur séu á ákveðnum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Í 4. flokki eru drengir 14 og 15 ára og stúlkur 14 og 15 ára.<sup>2</sup> Í 7. flokki eru drengir og stúlkur 8 og 9 ára.

Í 17. gr. reglugerðar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) segir að aldur leikmanna miðist við áramót þannig að í 7. flokki eru drengir og stúlkur 12 ára og í 10. flokki eru drengir og stúlkur 15 ára.<sup>3</sup> Í úttektinni var reynt að miða við sem líkastan aldur í þessum þremur íþróttagreinum.

## Jafnréttisstefnur íþróttafélaga Reykjavíkur

Leitað var svara bréfleiðis frá öllum hverfafélögum í Reykjavík „hvort jafnréttisstefna hefði verið innleidd hjá félaginu“. Svör bárust frá öllum félögum að Glímufélagi Ármanns undanskildu. Flest öll íþróttafélög borgarinnar svöruðu því til að þau hefðu innleitt jafnréttisstefnu. Þegar jafnréttisstefnurnar eru skoðaðar kemur í ljós að þær eru mjög mismunandi að gerð og er jafnrétti kynjanna í sumum þeirra ekki nefnt á nafn heldur beinast þær að jafnrétti kynþátta og fordómaleysi. Auk skriflegra fyrirspurna um jafnréttisstefnur var leitað upplýsinga á netinu og á heimasíðum íþróttafélaganna.

<sup>1</sup> Heimasíða KSÍ, skoðuð í mars 2011 á slóðinni: [www.ksi.is](http://www.ksi.is)

<sup>2</sup> Heimasíða HSÍ, skoðuð í mars 2011 á slóðinni: [www.hsi.is](http://www.hsi.is)

<sup>3</sup> Heimasíða KKÍ, skoðuð í mars 2011 á slóðinni: [www.kki.is](http://www.kki.is)



## Glímufélagið Ármann

Eins og áður sagði hefur mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar ekki borist svör frá Glímufélagi Ármanns við fyrirspurn skrifstofunnar varðandi jafnrétti innan félagsins. Þær upplýsingar sem hér koma fram eru fengnar frá Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) annars vegar og af netinu hins vegar. Svo virðist sem jafnréttisstefna hafi ekki verið innleidd hjá félaginu fyrir utan sunddeild Ármanns. Í „Sundhandbók Ármanns 2005-2006“ kemur jafnréttisstefna deildarinnar fram á blaðsíðu 11, sjá vefslóð:[http://armenningar.is/d10/\\_skrar/Sundhandb%C3%B3k%202005%20-%202006.pdf](http://armenningar.is/d10/_skrar/Sundhandb%C3%B3k%202005%20-%202006.pdf). Sundhandbók þessi er þó ekki aðgengileg nema leitað sé að henni í leitarvél á heimasíðu sunddeildarinnar. Það kemur fram m.a. að sunddeildin vilji stuðla að jafnrétti milli kynja og aldurshópa. Ekki kemur fram hvernig skuli ná þessum markmiðum eða hver beri ábyrgð á því að fylgja þeim eftir.



## Ungmennafélagið Fjölnir (UMFF)

Svör Ungmennafélagsins Fjölnis (UMFF) varðandi hvort jafnréttisstefna hafi verið innleidd hjá félaginu eru á þá leið að félagið starfi eftir jafnréttisstefnu UMFÍ sem sjá megi í 2 gr. laga UMFF:

2. gr. laga UMFF

Tilgangur félagsins er: að reyna eftir fremsta mætti að vekja löngun hjá félagsmönnum til að vinna að frelsi, framförum og heill sjálfra sín og þjóðarinnar af mannúð og réttlæti að vernda þjóðlega menningu, að auka áhuga félagsmanna og almennings á líkamsrækt og stuðla að alhliða íþróttaiðkun, að auka áhuga félagsmanna á hverskonar félags- og tómstundastarfi, að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna, s.s. vímuefna, að vinna að markmiðum og stefnuskrá Ungmennafélags Íslands með kjörorðunum „Íslandi allt“.

Athygli vekur að hér er ekki fjallað um jafnrétti kynjanna, hvorki í íþróttaiðkun félagsmanna eða í stjórnnum félagsins. Úr þessari grein er heldur ekki hægt að lesa neitt um að stefna félagsins sé fordómaleysi gagnvart iðkendum af öðrum uppruna en íslenskum.



## Knattspyrnufélagið Fram

Samkvæmt svörum frá Knattspyrnufélaginu Fram var jafnréttisstefna innleidd hjá félaginu árið 2002 sem sjá megi í íþróttanámsskrá félagsins bls. 244-245. Íþróttanámsskráin er aðgengileg á heimasíðu félagsins á slóðinni: [http://fram.is/media/PDF/mappa\\_fram.pdf](http://fram.is/media/PDF/mappa_fram.pdf). Jafnréttisstefna félagsins tekur m.a. á rétti einstaklingsins til að vera metinn að verðleikum sínum en ekki vegna uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarháttar eða kyns. Jafnframt er lögð áhersla á ábyrgð íþróttafélaganna að tryggja að allir hafi sambærilega möguleika til íþróttaiðkunar. Fram kemur að notast megi við „sambættingu jafnréttismála“ sem aðferðafræði við að koma á jafnrétti kynjanna innan íþróttafélaga. Forsendur slíkrar sambættingar eru tilgreindar í fjórum liðum: vilji og ábyrgð, kyngreindar upplýsingar, fræðsla um jafnréttismál og aðferðir.

Fjallað er almennt um þessa þætti en ekki hvernig félagið hyggist fylgja þeim eftir þ.e. hvaða aðferðum skuli beitt eða til hvaða aðgerða skuli gripið. Þannig er ekkert tilgreint hvaða kyngreindu upplýsingum skuli safnað, hversu oft og hver beri ábyrgð á því svo dæmi sé tekið.



## Íþróttafélagið Fylkir

Í svörum frá Fylki kemur fram að upplýsingar um jafnrétti innan félagsins sé að finna á heimasíðu félagsins undir liðnum Stefna Fylkis eða Íþróttanámsskrá. Í íþróttanámsskrá Fylkis frá árinu 2007 er á bls. 122 kafli um jafnrétti í starfi íþróttafélaga, sjá vefslóð [http://fram.is/media/PDF/mappa\\_fram.pdf](http://fram.is/media/PDF/mappa_fram.pdf). Þar er rætt um rétt einstaklingsins til að vera metinn að verðleikum en ekki vegna uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarháttar eða kyns. Eins og hjá Knattspyrnufélaginu Fram er tilgreint að nýta megi aðferðafræði „sambættingar jafnréttismála“ til að koma á jafnrétti kynjanna innan íþróttafélaga. Forsendur slíkrar sambættingar eru tilgreindar í fjórum liðum: vilji og ábyrgð, kyngreindar upplýsingar, fræðsla um jafnréttismál og aðferðir. Í jafnréttisstefnu félagsins er ekki að finna hvaða aðferðum skuli beitt til að fylgja stefnunni eftir.



## Íþróttafélag Reykjavíkur

Í svörum frá Íþróttafélagi Reykjavíkur við fyrirspurn mannréttindaskrifstofu segist félagið vera búið að innleiða jafnréttisáætlun. Svo virðist sem þeir eigi þar við eineltisáætlun og áætlun gegn fordómum. Eftir því sem næst verður komist er hvergi minnst á jafnrétti kynjanna á heimasíðu félagsins sjá t.d. tengilinn „handbækur, fræðsla og fyrirlestrar“. Í lögum félagsins um kosningar til stjórnar er ekki minnst á kynjahlutföll í stjórnnum félagsins eða jafnrétti kynjanna.



## Knattspyrnufélag Reykjavíkur

Í svörum sem bárust mannréttindaskrifstofu frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur kemur fram að félagið hafi innleitt jafnréttisstefnu. Eftir því sem næst verður komist er ekki sérstaklega minnst á kynjajafnrétti í jafnréttisstefnu félagsins heldur fyrst og fremst fordómaleysi og jafnrétti kynþátta. Á heimasíðu félagsins er að finna frétt frá 26. ágúst 2010 þar sem jafnréttisstefnan er kynnt og er hún svohljóðandi:

### Stefna KR í málum jafnréttis kynþátta og hvers konar fordómum

- „KSÍ með stuðningi UEFA og MasterCard stendur fyrir verkefninu - **Knattspyrna - Leikur án fordóma.** Verkefnið er þrjúþætt og miðar að því að útrýma fordómum úr knattspyrnunni á Íslandi, koma í veg fyrir einelti og leggja áherslu á heiðarlegan leik. **Knattspyrnufélag Reykjavíkur** er samstíga KSÍ í öllum atriðum í verkefninu, Knattspyrna – leikur án fordóma og leggur áherslu á að :
  - Leikmenn KR leiki án alvarlegra leikbrota og án rifrilda við dómara.
  - Þjálfarar KR hvetji leikmenn sína til að leika heiðarlega og reyni ekki á þolinmæði dómarans. **Þjálfarar eru fyrirmyndir leikmanna.**
  - Áhorfendur á KR velli njóti leiksins, hvetji leikmenn sína áfram og sameinist um að útiloka öll niðrandi ummæli til leikmanna og dómara inni á vellinum.
  - Forráðamenn KR sinni starfi sínu af ábyrgð og heiðarleika.
  - Foreldrar og forráðamenn barna í KR hvetji þau til að leika heiðarlega, styðji við bakið þeim í knattspyrnunni, mæti á leiki og sýni stuðning við allt liðið og sleppi öllum niðrandi ummælum um leikmenn og dómara.**Knattspyrnufélag Reykjavíkur“**

Kynjajafnrétti er ekki nefnt á nafn hér. Það vekur einnig athygli að þessi stefna snýst fyrst og fremst um framkomu í keppni en ekki t.d. að iðkuninni almennt.



## Knattspyrnufélagið Leiknir

Í svörum Knattspyrnufélagsins Leiknis við fyrirspurn frá mannréttindaskrifstofu kemur fram að félagið hafi innleitt jafnréttisstefnu. Stefnan er aðgengilega á heimasíðu félagsins á vefslóðinni: <http://leiknir.com/default.asp?op=greinar&sop=eingrein&grein=172>, og hljóðar svo:

### *Jafnréttisstefna Leiknis*

*Höf. Arnar Ólafsson*

#### **Jafnrétti**

Allir hafa jafnan rétt og tækifæri til að stunda íþróttir. Það ætti að vera eitt megineinkenni í íþróttastarfi. Hvort sem um er að ræða æfingar eða keppni. Einstaklingur á rétt á að vera metinn af eigin verðleikum en ekki vegna uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarháttar eða kyns.

Það er óumdeilt að íþróttir hafa uppeldislegt, menntalegt og heilsufarslegt gildi fyrir þá sem þær stunda. Því er mikilvægt að íþróttafélögin séu meðvituð um ábyrgð sína og áhrifamátt hvað þetta varðar og tryggi að allir hafi þar sambærilega möguleika.

Stúlkur taka minni þátt en strákar í íþróttastarfi og brottfall þeirra er meira en stráka. Það þarf því að taka tillit til og miða tilboð og þjónustu við þarfir iðkenda af báðum kynjum. Bæði kyn skulu höfð í huga við alla ákvarðanatöku, hvort sem um er að ræða stórar eða litlar ákvarðanir.

Jafnréttisvinna verður þannig eðlilegur hluti allra sem starfa að stjórnsýslu, s.s. þjálfun og rekstri íþróttafélaga.

*Stjórn Íþróttafélagsins Leiknis*

Í þessari jafnréttisstefnu er fjallað um kyn m.a. að bæði kyn skuli höfð í huga við alla ákvarðanatöku sem er aðferðafræði samþættingar. Hins vegar er engin aðgerðarbinding í þessari stefnu þannig að það er óljóst hvernig skuli ná henni fram og hvernig skuli meta hvernig til tekst.



## Knattspyrnufélagið Valur

Á heimasíðu Knattspyrnufélags Vals kemur fram að félagið hafi innleitt jafnréttisstefnu sem samræmist svörum félagsins við fyrirspurn mannréttindaskrifstofu. Jafnréttisstefnu Vals má finna á slóðinni: <http://www.valur.is/Valur/Stefna/Jafnrettisstefna/>.

### **Jafnréttisstefna Knattspyrnufélagsins Vals**

Knattspyrnufélagið Valur leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn. Félagið veitir öllum börnum og unglingum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni eða litarhætti.

Laun þjálfara á barna- og unglingasviði taka mið af menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálf. Laun taka einnig mið af markaðnum og lúta lögmáli um framboð og eftirspurn.

Hér er viðfangsefnið jafnrétti kynjanna en það vantar alveg upplýsingar um það hvernig skuli fylgja þessari stefnu eftir. Ætlar félagið t.d. að gera úttekt á launum þjálfara til að tryggja að þau taki ekki mið af kyni þeirra eða þeirra sem þeir þjálf. Einnig má velta því fyrir sér hvað síðasta setningin

merki. Er átt við að þar sem karlmenn búa við betri launakjör í íslensku samfélagi þá þurfi að bjóða þeim hærri laun en konum sem viðheldur launamun kynjanna?



### **Knattspyrnufélagið Víkingur**

Í svörum frá Knattspyrnufélaginu Víkingi við fyrirspurn mannréttindaskrifstofu kemur fram að félagið hefur innleitt jafnréttisstefnu sem sjá má í íþróttanámsskrá félagsins sem gefin var út 1999 á bls. 71. Íþróttanámsskrána má nálgast á heimasíðu félagsins á vefslóðinni: <http://vikingur.is/Foreldratorg-/IthrottanamskraVikings/>. Í umfjöllun um stefnu í jafnréttismálum er áhersla lögð á iðkendur en ekki stjórnendur eða stjórnslu félagsins. Jafnréttisstefna félagsins tekur á rétti einstaklingsins til að vera metinn að veruleikum en ekki þáttum eins og t.d. kyni. Jafnréttisstefnan tekur m.a. á þáttum sem snúa að mikilvægi þess að afla kyngreindra upplýsinga, sýna vilja og ábyrgð þegar kemur að jafnréttismálum, sinna fræðslu um jafnréttismál og beita ákveðnum aðferðum við að ná markmiðum stefnunnar. Líkt og hjá öðrum íþróttafélögum sem hér eru skoðuð er ekki tilgreint hvaða aðferðum skuli beitt svo dæmi sé tekið þá kemur t.d. ekki fram hvernig skuli uppfræða um jafnréttismál og hver beri ábyrgð á að gera það.



### **Knattspyrnufélagið Þróttur**

Í svörum félagsins er greint frá því að jafnréttisstefna hafi verið innleidd á þann hátt að árið 2007 hafi komið út íþróttanámsskrá félagsins þar sem fjallað sé um jafnréttismál félagsins. Þessi námsskrá hafi verið gefin út bæði rafrænt og á prenti. Á aðalfundi félagsins sama ár hafi siða- og starfsreglur félagsins verið samþykktar þar sem ítrekuð er sú stefna Knattspyrnufélagsins Þróttar að vinna gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins. Í kaflanum „Jafnréttismál“ bls. 7 í siða- og starfsreglum Þróttar kemur eftirfarandi fram:

#### **Jafnréttismál**

Það er stefna Knattspyrnufélagsins Þróttar að vinna gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins.

Allir einstaklingar innan Knattspyrnufélagsins Þróttar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð trúbrögðum og kynþætti. Þróttur mælir með:

Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, hreim eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.

Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi Þróttar.

Til að koma í veg fyrir fordóma gegn kynþáttum hvetur Þróttur sína iðkendur til að:

- Taka ekki undir með þeim sem lætur í ljós fordóma.

- Biðja gerandann um að setja sig í spor þess sem hann fordæmi.
- Fræða gerandann.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.

Athygli vekur að hvergi er minnst á kyn í þessum kafla um jafnréttismál. Hins vegar er fjallað um jafnréttismál og mikilvægi þeirra í íþróttanámsskrá Knattspyrnufélagsins Þróttar á bls. 191-192. Þar er fjallað um mikilvægi vilja og ábyrgð í jafnréttismálum, kyngreindar upplýsingar, fræðslu um jafnréttismál og aðferðir eins og hjá nokkrum öðrum félögum. Hins vegar er eins og hjá þeim ekkert um það hvernig þessum markmiðum skuli náð.

## Samantekt

Þegar jafnréttisáætlanir félaganna eru skoðaðar eða, önnur umfjöllun um jafnrétti, kemur í ljós að af tíu félögum eru fimm félög með einhvers konar jafnréttisstefnu sem snýr að kynjajafnrétti.

Fram, Fylkir og Víkingur eru með samhljóma jafnréttisstefnur og bera þær af. Þar eru sett fram atriði sem eru mikilvæg s.s. eins og að kyngreina upplýsingar og fræða um jafnréttismál. Ekkert félaganna tilgreinir hins vegar hvernig þau ætla að tryggja að þetta sé gert.

Leiknir og Valur eru einnig með jafnréttisstefnu. Valur er með ágætis áherslur í sinni stefnu, eins og að þjálfarar skuli njóta sömu kjara óháð því hvers kyns þeir eru eða hvaða kyn þeir þjálfar. Leiknir leggur áherslu á samþættingu sem er kostur en tilgreinir ekki hvernig skuli gætt að þeirri aðferðafræði sé beitt. Er þess t.d. alltaf gætt að þjálfarar hafi sömu laun og hlunnindi óháð kyni eða því kyni sem þeir þjálfar? Eru hlunnindi sem iðkendur njóta þau sömu í kvenna- og karlaflokkum? Er umfjöllun á heimasíðu félagsins jafn mikil um bæði kynin og svo má lengi telja.

Fjögur félög, KR, Þróttur, Fjölnir og ÍR fjalla um jafnréttismál en ekki jafnrétti kynja heldur jafnrétti kynþátta, litarháttar og/eða trúarbragða. Í sumum þeirra er fjallað um heiðarleika og bann við einelti.

Hjá einu félagi, Ármanni, er ekki að finna neina jafnréttisstefnu, hvorki um kynjajafnrétti né annað.

Athygli vekur að ekkert félag leggur áherslu á sem jafnast kynjahlutfall í stjórnnum sínum.

Í allar jafnréttisstefnurnar vantar aðgerðaráætlanir, þ.e. hver á að sjá um að kyngreina upplýsingar og hvenær það skuli gert og nákvæmlega hvaða upplýsingar svo dæmi sé tekið. Þess vegna er ekki nokkur leið að leggja mat á eftirfylgd við stefnurnar eða virkni hennar. Það er ekki hægt að segja að stefnurnar séu orðin tóm því að það hlýtur að vera kostur fyrir iðkendur að geta vísað í þær þegar á þarf að halda. Hins vegar virðist ekkert félaganna leggja nokkurt mat á það hvernig til tekst við að ná fram þeim markmiðum sem sett eru.

## Stjórnir íþróttafélaga Reykjavíkur


Leitað var eftir upplýsingum hjá íþróttafélögum um kynjaskiptingu í stjórnnum og, ef við ætti, undirstjórnnum félaganna. Mismunandi var hversu ítarlegar upplýsingar bárust frá íþróttafélögum eins og sjá má á upplýsingum hér að neðan.



## Glímufélagið Ármann

Ekki bárust svör frá Glímufélagi Ármanns við fyrirspurnum mannréttindaskrifstofu en samkvæmt heimasíðu Glímufélagsins Ármanns sem skoðuð var í febrúar 2011 eru kynjahlutföll í aðalstjórn félagsins þannig að 6 karlar (60%) sitja í stjórn að meðtöldum formanni og 4 konur (40%).


Kynjaskipting í stjórn Ármanns



## Ungmennafélagið Fjölirnir

Í svörum Ungmennafélagsins Fjölirnir kemur fram varðandi kynjahlutföll í stjórn og undirstjórn félagsins að öllum sé frjálst að bjóða sig fram en hlutföll í stjórn séu „aðeins misjöfn“ en allar stjórnir eru með bæði kynin innanborðs. Karlar í stjórn eru 40 (63%) og konur 23 (37%). Á heimasíðu UMFF má sjá að í aðalstjórn félagsins sitja 6 karlar (86%) þar með talinn formaður og ein kona (14%).


Kynjaskipting í stjórn UMFF



## Knattspyrnufélagið Fram


Kynjahlutföll í stjórn Fram eru eftirfarandi:

- Stjórn: 6 karlar (75%) og 2 konur (25%).
- Stjórn knattspyrnudeildar: 3 karlar (42%) og 4 konur (58%).
- Stjórn handknattleiksdeildar: 7 karlar (100%) karlar og enginn kona (0%).



### Íþróttafélagið Fylkir

Kynjahlutföll í stjórn fylkis fyrir árið 2009 eru 13 konur (39%) og 20 karlar (61%).



### Íþróttafélag Reykjavíkur

Samkvæmt upplýsingum frá ÍR eru u.þ.b. 30 konur og 50 karlar í stjórnnum félagsins þ.e. stjórnir og unglingaráð. Ekki fékkst uppgefin nánari sundurliðun á hlutföllum kynjanna í stjórn og

unglingaráðum. Á heimasíðu ÍR kemur fram að af 7 stjórnarmeðlimum er 1 kona (14%) og 6 karlar (86%), þar með talinn formaður.



### **Knattspyrnufélag Reykjavíkur**


Í stjórn félagsins sitja 80% karlar og 20% konur. Ekki var gefin upp fjöldinn sem liggur að baki þeim tölum.

Á heimasíðu félagsins kemur fram að 5 karlar (71%) sitji í stjórn, þar með talinn formaður, og 2 konur (29%) sem gefur ekki alveg sömu hlutföll og kemur fram í svörum félagsins. Það er því óljóst hvað liggur að baki uppgefnum tölum frá KR en svör félagsins verða látin ráða í tölfræðinni hér að neðan.



### Íþróttafélagið Leiknir


Í svörum Leiknis til mannréttindaskrifstofu kemur fram að kynjahlutföll í stjórn félagsins séu jöfn, þ.e.a.s. 2 konur (50%) og 2 karlar (50%)



### Knattspyrnufélagið Valur

Í stjórn félagsins eru kynjahlutföll eftirfarandi:


- Stjórn: 6 karlar (86%) og 1 kona (14%).
- Barna- og unglingaráð: 5 karlar (55%) og 4 konur (45%)



### Knattspyrnufélagið Víkingur


Kynjahlutföll í stjórnnum félagsins eru sem hér segir:

- Stjórn: 7 karlar (87%) 2 konur (13%).
- Stjórn meistaradeildar karla í knattspyrnu: 7 karlar (100%) engin kona.
- Stjórn meistaradeildar kvenna í knattspyrnu: 5 karlar (50%) 5 konur (50%).
- Stjórn meistaradeildar karla í handknattleik: 6 karlar (100%) og engin kona.
- Stjórn barna- og unglingsdeildar í handknattleik: 2 konur (100%) og engin karl.



### Knattspyrnufélagið Þróttur

Jöfn kynjaskipting er í stjórn félagsins eða 2 karlar (50%) og 2 konur (50%). Í stjórn knattspyrnudeildar karla sitja 8 karlar (100%) og engin kona. Í stjórn handknattleiksdeildar Þróttar sitja 2 karlar (67%) og 1 kona (33%).




## Kynjaskipting í stjórnnum og nefndum ÍSí frá 2005-2010

Eins og fram kemur á heimasíðu ÍSí<sup>4</sup> er landinu skipt í íþróttahéruð samkvæmt íþróttalögum. Í hverju íþróttahéraði skal vera eitt héraðssamband eða íþróttabandalag allra íþróttafélaga í héraðinu til að vinna að hinum ýmsu hagsmunamálum þeirra. Sem dæmi má nefna að ÍBR er eitt íþróttahérað af 27 á landsvísu. Öll íþróttafélög í Reykjavík tilheyra ÍBR.

Sérsamband er samband héraðssambanda eða íþróttabandalaga í hlutaðeigandi íþróttagrein, samanber gr. 53.2. í lögum ÍSí<sup>5</sup>. Hlutverk sérsambanda er í megin atriðum:

- Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Að vera fulltrúi íþróttagreinar sinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.

Í dag eru sérsambönd innan ÍSí 28 talsins.



Mynd 1. Tölfræði ÍSí 2007<sup>6</sup>

Aðeins fjögur af tíu íþróttafélögum eru með jöfn kynjahlutföll í stjórnnum félaganna, eða innan svokallaðra 60/40 viðmiða. Verulega hallar á hlut kvenna í stjórnnum allra hinna íþróttafélaganna. Svipaða sögu er að segja af kynjahlutfalli í stjórnnum og nefndum ÍSí, að íþróttahéruðunum undanskildum. Ekki er að sjá að kynjahlutfallið hafi breyst mikið hjá íþróttafélagunum eða sérsamböndunum á þeim fimm árum sem hér eru til skoðunar.

<sup>4</sup> Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands. Skoðað 10. maí 2011 á slóðinni: <http://www.isi.is/pages/umisi1/ithrottaherud/>.

<sup>5</sup> Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands. Skoðað 10. maí 2011 á slóðinni: <http://www.isi.is/pages/adrarsidur/sersambond/>

<sup>6</sup> Rúna H. Hilmarsdóttir (2009). *Tölfræði 2007*. Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands: Reykjavík.

## Fjöldi iðkenda


Þegar fjöldi iðkenda var greindur var áfram horft til hverfisfélaganna 10 í Reykjavík sem eru með deildir í knattspyrnu, handknattleik og /eða körfuknattleik.

### *Glímufélagið Ármann*

Af þeim íþróttagreinum sem skoðaðar eru sérstaklega í þessari úttekt er aðeins ein stunduð hjá Glímufélaginu Ármanni, þ.e. körfuknattleikur.

Hlutfall kynjanna undir 18 ára sem eru skráðir iðkendur í körfuknattleik hjá félaginu er: 73 drengir (64,04%) og 41 stúlka (35,96%).


Kynjahlutfall í körfuknattleik yngri en 18 ára




### *Ungmennafélagið Fjölnir*

Iðkendafjöldi drengja undir 18 ára í handknattleik var 118 drengir (54,13%) og 100 stúlkur (45,87%). Iðkendafjöldi drengja í knattspyrnu undir 18 ára var 704 (77,45%) og stúlkna var 205 (22,55%). Iðkendafjöldi drengja undir 18 ára í körfuknattleik var 232 (78,38%) og stúlkna 64 (21,62%).


Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára



Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára




### Kynjahlutfall í körfuknattleik yngri en 18 ára




### Knattspyrnufélagið Fram

Árið 2009 var iðkendafjöldi í handknattleik drengja undir 18 ára 294 (51,31%) og stúlkna 279 (48,69%). Iðkendafjöldi drengja í knattspyrnu undir 18 ára var 337 (74,07%) og stúlkna 118 (25,93%).

### Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára



### Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára




### Íþróttafélagið Fylkir


Fjöldi iðkenda í handknattleik hjá Fylki undir 18 ára var 95 drengir (47,98%) og 103 stúlkur (52,02%). Knattspyrnu iðkuðu 382 drengir (68,71%) og 174 stúlkur (31,29%). Ekki er stundaður körfuknattleikur hjá Fylki.



Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára




Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára




### Íþróttafélag Reykjavíkur

Hjá ÍR er iðkaður handknattleikur, knattspyrna og körfuknattleikur. Iðkendum í handknattleik eru 252 drengir (61,02%) og 161 stúlka (38,98%). Í knattspyrnu voru 370 iðkendum drengir (69,16%) og 165 stúlkur (30,84%). Iðkendum í körfuknattleik voru 154 drengir (66,38%) og 78 stúlkur (33,62%).


Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára



Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára




### Kynjahlutfall í körfuknattleik yngri en 18 ára



### *Knattspyrnufélag Reykjavíkur*

Í handknattleik var iðkendafjöldi árið 2009 107 drengir (75,35%) og 35 stúlkur (24,65%).  
Iðkendafjöldi í knattspyrnu fyrir árið 2009 var 341 drengur (70,45%) og 143 stúlkur (29,55%).  
Iðkendafjöldi í körfuknattleik árið 2009 var 148 drengir (64%) og 83 stúlkur (36%).


### Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára



### Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára




### Kynjahlutfall í körfuknattleik yngri en 18 ára



### **Íþróttafélagið Leiknir**

Af þeim íþróttagreinum sem eru til skoðunar er aðeins stunduð knattspyrna hjá Leikni. Iðkendafjöldi drengja undir 18 ára var samkvæmt tölum frá ÍSÍ 147 (71,71%) og iðkendafjöldi stúlkna var 58 (28,29%).


**Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára**




### **Knattspyrnufélagið Valur**

Iðkendafjöldi drengja í handknattleik undir 18 ára hjá Vali voru árið 2009 124 (67,39%) og stúlkur voru 60 (32,61%). Í knattspyrnu voru iðkendur 273 drengir (62,05%) yngri en 18 ára og 167 stúlkur (37,95%) yngri en 18 ára.

**Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára**




**Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára**




### **Knattspyrnufélagið Víkingur**

Iðkendafjöldi drengja yngri en 18 ára árið 2009 í handknattleik var 98 (56,32%) stúlkur yngri en 18 ára voru 46 (43,68%). Í knattspyrnu var iðkendafjöldi drengja undir 18 ára 275 (56,58%) og stúlkur yngri en 18 ára voru 211 (43,42%).

**Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára**




**Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára**




### **Knattspyrnufélagið Þróttur**

Iðkendafjöldi drengja yngri en 18 ára í handknattleik var 84 (58,33%) og stúlkur yngri en 18 ára voru 60 (41,67%). Fjöldi drengja yngri en 18 ára sem iðkuðu knattspyrnu var 318 (67,66%) og stúlkur yngri en 18 ára voru 152 (32,34%).

**Kynjahlutfall í handknattleik yngri en 18 ára**



**Kynjahlutfall í knattspyrnu yngri en 18 ára**



## **Samantekt**

Þessi úttekt leiðir í ljós að næstum undantekningalaust er fjöldi drengja mun meiri en stúlkna meðal iðkenda í öllum þrem íþróttagreinunum. Eina tilfellið þar sem stúlkur eru í meirihluta iðkenda er í handknattleik hjá Fylki en þar er hlutfall stúlkna 52% en drengja 48%. Í þeim tilfellum þar sem kynjahlutföll eru nokkuð jöfn milli iðkenda er helst að finna í handknattleik. Um það bil helmingur hverfisfélaganna í Reykjavík getur státað af nokkuð jafnri skiptingu kynjanna í handknattleik, en það eru félögin; Fram, Fjölnir, Fylkir, ÍR og Þróttur. Kynjahlutfallið er einnig nokkuð jafnt meðal iðkenda í knattspyrnu hjá Vali og Víkingi.

Á heildina litið þá voru iðkendur yngri en 18 ára í knattspyrnu meðal stúlkna 1393 (30,68%) en 3147 meðal drengja (69,32%). Í handknattleik voru iðkendur yngri en 18 ára meðal stúlkuna 874 (42,72%) en 1172 meðal drengja (57,28%). Í körfuknattleik voru iðkendur yngri en 18 ára meðal stúlkna 292 (29,67%) en 692 meðal drengja (70,33%).

## **Æfingaaðstaða**

Mannréttindaskrifstofa óskaði einnig eftir upplýsingum frá ÍBR varðandi æfingatöflur félaganna og æfingaaðstöðu. Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) þá er æfingaaðstaða stúlkna og drengja í 4. og 7. flokki í knattspyrnu og handknattleik og 7. og 10. flokki í körfuknattleik sambærileg. Þessar upplýsingar eru fengnar úr æfingatöflum íþróttafélagana frá árinu 2009 og studdar af könnun sem framkvæmd var fyrir ÍBR af Rannsóknnum og Greiningu<sup>7</sup>. Markmið könnunarinnar var m.a. að kanna afstöðu nemenda í 8. -10. bekk grunnskóla sem stunda íþróttir í Reykjavík til síns íþróttafélags og ánægju með félagið.

### ***Glimufélagið Ármann***

Hjá Ármanni er einungis æfður körfuknattleikur af þeim íþróttagreinum sem teknar eru fyrir í þessari úttekt. Samkvæmt æfingatöflum ársins 2009 æfðu bæði stúlkur og drengir í Laugardalshöll A-sal, Laugarnesskóla og Menntaskólanum við Sund. Drengir æfa einnig í íþróttahúsi HÍ.

### ***Ungmennafélagið Fjölnir***

Hjá UMF er æfður körfuknattleikur, knattspyrna og handknattleikur. Í körfuknattleik æfa bæði kynin í Rimaskóla og Dalhúsum (sal 1) en stúlkur æfa einnig í Engjaskóla. Í knattspyrnu æfa bæði kynin á gervigrasvelli og í Egilshöll. Í handknattleik æfa bæði kynin í Engjaskóla, Hamraskóla og Borgaskóla.

### ***Knattspyrnufélagið Fram***

Hjá Fram er æfður handknattleikur og knattspyrna. Í handknattleik og knattspyrnu æfa bæði stúlkur og drengir í íþróttahúsi Fram.

### ***Íþróttafélagið Fylkir***

Hjá Fylki er æfður handknattleikur og knattspyrna. Bæði stúlkur og drengir æfa í Fylkishöllinni og Árbæjarskóla í handknattleik. Sömu sögu er að segja af æfingaaðstöðu í knattspyrnu, þar æfa bæði kynin í Fylkishöll og Árbæjarskóla.

---

<sup>7</sup> Íþróttabandalag Reykjavíkur (2010). *Könnun meðal íþróttaiðkenda innan ÍBR 2010*. Rannsóknir og greining; Reykjavík.

### ***Íþróttafélag Reykjavíkur***

Hjá Þrótti er æfð knattspyrna, handknattleikur og körfuknattleikur. Í knattspyrnu æfði 4. og 7. flokkur stúlkna og drengja á Gervigrasvelli og einnig í Seljaskóla. Í handknattleik æfði 4. flokkur stúlkna og drengja í Austurbergi annars vegar og Seljaskóla hins vegar. Engin 7. flokkur stúlkna virðist vera til en drengirnir æfðu í Seljaskóla.

### ***Knattspyrnufélag Reykjavíkur***

Útiæfingar 7. flokks drengja í knattspyrnu eru á Gervigrasvelli félagsins en stúlkurnar æfa á Flyðruvelli. Hjá 4. flokki drengja í knattspyrnu eru útiæfingar á Starhaga en stúlkurnar í 4. flokki æfa á Gervigrasvellinum. Engan mun er að sjá á æfingaaðstöðu á inniæfingum hjá 4. og 7. flokki í knattspyrnu. Báðir flokkar æfa í íþróttahúsi KR (B-sal).

Í handknattleik æfa bæði 4. og 7. flokkur í íþróttahúsi KR (A og B sal) og Hagaskóla. Í körfuknattleik æfa drengir og stúlkur í íþróttahúsi KR.

### ***Íþróttafélagið Leiknir***

Hjá Leiknir er einungis æfð knattspyrna þar sem 7. flokkur stúlkna og drengja æfir í Fellaskóla á inniæfingum og Leiknisvelli á útiæfingum. Stúlkur og drengir í 4. flokki æfa einungis úti eða á Leiknisvelli.

### ***Knattspyrnufélagið Valur***

Hjá Val æfir 7. flokkur stúlkna og drengja í knattspyrnu í íþróttahúsi félagsins að Hlíðarenda í sal 1,2, eða 4. Í 4. flokki æfa stúlkur og drengir einungis úti á Gervigrasvelli 1 og 2.

Í handknattleik æfa stúlkur og drengir í 4. og 7. flokki í íþróttahúsi Vals að Hlíðarenda í sal 1 -4.

Í körfuknattleik æfir 7. og 10. flokkur stúlkna og drengja í íþróttahúsi Vals að Hlíðarenda í sal 1, 3 og 4.

### ***Knattspyrnufélagið Víkingur***

Hjá Víkingi er æfð knattspyrna og handknattleikur. Hjá 4. og 7. flokki stúlkna og drengja í knattspyrnu voru einungis útiæfingar á grasi. Í handknattleik æfðu bæði stúlkur og drengir í 4. og 7. flokki í Víkinni, íþróttahúsi Víkings.

### ***Knattspyrnufélagið Þróttur***

Hjá Þrótti er æfð knattspyrna og handknattleikur. Á útiæfingum í knattspyrnu æfðu bæði stúlkur og drengir í 4. og 7. flokki á Þríhyrningi. Á inniæfingum æfði 7. flokkur drengja í Laugardalshöll (A-sal) en stúlkurnar æfðu í Langholtsskóla. Í handknattleik æfðu 7. flokkur stúlkna og drengja í Menntaskólanum við Sund en 4. flokkur drengja æfði í Laugardalshöll (A-sal), stúlkurnar í 4. flokki æfðu í Menntaskólanum við Sund.

### **Samantekt**

Ekki virðist vera munur á æfingaaðstöðu stúlkna og drengja hjá neinu af hverfisfélögum. Erfitt er þó að leggja mat á slíkt nema fyrir staðkunnuga á hverju æfingasvæði fyrir sig, hvort ein aðstaða sé


betri eða verri en önnur. Nákvæmari samanburður á æfingaaðstöðu stúlkna og drengja krefst því ítarlegri skoðunar.


## Úthlutun á æfingartímum

Við samanburð á æfingartímum stúlkna og drengja voru æfingatöflur allra hverfisfélaga í Reykjavík skoðaðar fyrir árið 2009 með tilliti til æfinga 4. og 7. flokks í knattspyrnu og handknattleik og 7. og 10. flokks í körfuknattleik. Vegna mikils umfangs var ákveðið að velja úr fjögur íþróttafélög með slemmbivali til að sýna þverskurð af því hvernig úthlutunum á æfingartímum stúlkna og drengja er háttað. Þau félög sem urðu fyrir valinu voru; Ungmennafélagið Fjölnir, Íþróttafélag Reykjavíkur, Knattspyrnufélag Reykjavíkur og Knattspyrnufélagið Valur.


### Ungmennafélagið Fjölnir

Æfingartímar drengja og stúlkna í 7. flokki í knattspyrnu:






Æfingatímar drengja og stúlkna í 4. flokki í knattspyrnu:









### Íþróttafélag Reykjavíkur

Æfingatímar drengja í 7. flokki ÍR í handknattleik. Þess skal getið að árið 2009 var ekki til 7. flokkur stúlkna í handknattleik hjá ÍR:




Æfingatímar drengja og stúlkna í 7. flokki körfuknattleik. Þess skal getið að stundum eru æfingatímar 7. flokks blandaðir saman við aðra flokka.:

**Yfirlit æfingatíma í 7+. flokki ÍR  
Drengir-körfuknattleikur**



	þri.	mið.
upphaf	19:40	19:10
lok	21:40	21:40



**Yfirlit æfingatíma í 7+. flokki ÍR  
Stúlkur-körfuknattleikur**





	mán.	fös.
upphaf	17:15	16:15
lok	18:15	17:15

**Knattspyrnufélag Reykjavíkur**



Æfingatímar 7. flokks KR, stúlkna og drengja í knattspyrnu:





Æfingatímar 4. flokks KR, stúlkur og drengir í knattspyrnu:



Æfingátímar stúlkna og drengja í 7. flokki KR í körfuknattleik:





Æfingátímar stúlkna og drengja í 10. flokki KR í körfuknattleik. Þess ber að geta að sem fyrr þá eru flokkarnir stundum blandaðir við aðra flokka:





### Knattspyrnufélagið Valur

Æfingatímar 7. flokks Vals, stúlkna og drengja í knattspyrnu:





Æfingatímar 4. flokks Vals, stúlkur og drengir í knattspyrnu:




Æfingatímar stúlkna og drengja í 7. flokki Vals í handknattleik:






Æfingatímar stúlkna og drengja í 4. flokki Vals í handknattleik:

**Yfirlit æfingatíma í 4. flokki Vals  
Stúlkur-handbolti**



	sun.	fös.
upphaf	15:00	18:20
lok	16:40	19:10

**Yfirlit æfingatíma í 4. flokki Vals  
Drengir-handbolti**



	sun.	mán.	mið.	fim.	fös.
upphaf	13:20	20:30	16:40	19:00	19:10
lok	15:00	22:00	17:30	20:00	20:00

## Samantekt

Af samanburðinum má sjá að ekki virðist sem stúlkum og drengjum sé mismunað þegar kemur að úthlutun æfingatíma. Nokkrir þættir gera þó samanburð flókin þar sem að í flestum tilfellum eru fleiri drengir en stúlkur sem æfa viðkomandi íþrótt. Þetta gerir það að verkum að drengir fá fleiri æfingatíma því skipta þarf þeim í fleiri hópa en stúlkum innan sama flokks. Samanburðurinn reynist enn fremur flókinn þar sem í sumum tilfellum æfa stúlkur og drengir saman eða þá að fleiri flokkar æfa á sama tíma. Ekki reyndist alltaf unnt að taka tillit til þessara þátta í greiningunni.

## Niðurstöður

Skráð íþróttafélög í Reykjavík, innan ÍBR, eru 68 talsins en innan þeirra eru starfandi 151 deild. Alls eru 17 félög skráð með fleiri en eina deild og 10 félög með fimm eða fleiri deildir. Þrjú stærstu íþróttafélögin í landinu eru í Reykjavík; TBR með 3.809 iðkendum, ÍR með 3.128 iðkendum og GR með 3.032 iðkendum.

Samkvæmt starfsskýrslum fyrir árið 2008 eru 35.846 skráðir iðkendum í íþróttafélögin í Reykjavík, 22.976 karlar og 12.976 konur. Hlutfall iðkenda 15. ára og yngri var þann 1.12.2008 71,63% eða samtals 16.949. Heildarhlutfall iðkenda í Reykjavík af íbúafjölda á sama tíma er 29,91%.

Þegar niðurstöðu er skoðaðar um úthlutun æfingatíma íþróttafélaganna fjögurra virðist ekki vera um mismunun á milli kynja þegar kemur að því að úthluta æfingartímum. Mikilvægt er að hafa í huga að stúlkur eru í minnihluta iðkenda í öllum félögunum í þeim íþróttagreinum sem voru til skoðunar nema í einu undantekningartilfalli.

Á sama hátt virðist ekki vera munur á æfingaaðstöðu stúlkna og drengja, en eins og fyrr segir þá er erfitt að leggja mat á það nema fyrir staðkunnugra á hverju æfingasvæði.

Þessi mismunun á fjölda iðkenda í hópi stúlkna og drengja hefur það í för með sér að það fjármagn sem Reykjavíkurborg veitir íþróttafélögum í borginni er í flestum tilfellum að nýtast drengjum í mun meira mæli en stúlkum. Ef meðaltal þessara tíu hverfafélaga er skoðað í þessum þremur íþróttagreinum sem hér hafa verið til umfjöllunar þá eru 33,80 % iðkenda stúlkur en 66,20% iðkenda drengir.

Þegar aðalstjórnir félaganna eru skoðaðar kemur fram að kynjahlutföll eru einungis jöfn hjá tveim hverfisfélögum, Leikni og Þrótti, en slíkt á ekki við um þegar önnur hverfisfélög eiga í hlut.

Benda má á að engin jafnréttisstefna íþróttafélaga tilgreinir sérstaklega um að kynjahlutfall í stjórnnum félaganna skuli vera sem jafnast. Aðeins helmingur hverfisfélaganna í Reykjavík er með jafnréttisstefnu sem snýr að kynjajafnrétti og engri þeirri fylgir aðgerðaráætlun sem er lykilatriði til þess að þeim sé fylgt eftir.

Benda má á ýmsar leiðir til úrbóta sem hægt væri að vinna að með íþróttafélögum í borginni til þess að jafna hlut kynjanna:

- Reykjavíkurborg setji það sem skilyrði til úthlutanir styrkja til félaga að þau séu með virka kynjajafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun. Félögin fái aðstoð borgarinnar við að vinna jafnréttisáætlanir og aðgerðabinda þær óski þau eftir því.
- Reykjavíkurborg fái árlega frá félögum greiningu á stöðu mála m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem rauði þráðurinn er kynjajafnrétti. Hægt væri að tilgreina hvaða þætti úttektin þarf að ná til á ári hverju.
- Átak verði gert í því að fjölga þátttakendum í hópi stúlkna í völdum íþróttagreinum með aðkomu sérgreinasambanda. Kynntar verði t.d. fyrirmyndir úr hópi kvenna s.s. eins og „stelpurnar okkar“.
- Leitað verði leiða til að hvetja stúlkur til aukinnar íþróttaiðkunar með því að gæta þess að höfða til beggja kynja í öllu kynningarefni og umfjöllun.
- Leita samstarfs við fjölmiðla um að gætt sé jafnræðis kynja í fréttaflytningi.
- Hvetja félögin til að fjalla jafnt um bæði kynin á vefsíðum sínum og í fréttatilkynningum.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að þrátt fyrir að átak eða velgengni t.d. kvennalandsliðsins í fótbolta og handbolta skili fleiri iðkendum af kvenkyni þá verður raunverulegt jafnrétti að ríkja innan félaganna til þess að árangur til lengri tíma náist.